

**I EES-STOFNANIR**

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

**II EFTA-STOFNANIR**

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

**III EB-STOFNANIR**

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/15/01	Breytt tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.830 - Unisource-Telefónica).....	01
96/EES/15/02	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.931 - Metsä-Serla + Myllykoski).....	02
96/EES/15/03	Tilkynning um fyrirtæki um einkaumboðssamning (Mál nr. IV/35.832/E-1 Cominco + Anvil).....	02
96/EES/15/04	Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt.....	03
96/EES/15/05	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki.....	03
96/EES/15/06	Endurskoðun á hámarksviðmiðun fyrir framleiðsluáðstoð vegna skipasmíða.....	04
96/EES/15/07	Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingu fyrirtækja frá 31. fundi hennar 4. september 1995 um drög að ákvörðun í máli IV/M.582 - Orkla/Volvo.....	04

96/EES/15/08	Skrá yfir stórar rannsóknarstöðvar sem eru valdar samkvæmt sérstöku áætluninni um rannsóknir og tækniþróun, þar með taldar tilraunir, á sviði þjálfunar og hreyfanleika rannsóknarmanna (1994-1998).....	04
96/EES/15/09	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að tilnefna nýjan fulltrúa í vísindanefndina um matvæli.....	05
96/EES/15/10	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Írlandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Dyflinnar og Sligo.....	05
96/EES/15/11	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Írlandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Dyflinnar og Donegal.....	05
96/EES/15/12	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 19. 2. til 8. 3. 1996.....	06
96/EES/15/13	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	07

**3. Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Breytt tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni 96/EES/15/01 (Mál nr. IV/35.830 - Unisource-Telefónica)

1. Þann 4. mars 1996 lagði Unisource NV, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem myndað er af Telia AB, PTT Telecom BV og Swiss Telecom annars vegar og Telefónica de España SA hins vegar, inn breytta tilkynningu, samkvæmt reglugerð ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, um aðild Telefónica de España að Unisource NV sem kemur inn sem fjórði hluthafi með jafnstóran hlut og fyrirnefndu fyrirtækin. Nauðsynlegt var að breyta tilkynningunni vegna endurskipulagningar á viðskiptunum í kjölfar áframhaldandi samninga milli Unisource NV og Telefónica. Fyrirhugað er að flytja rekstrardeildir Telefónica sem annast gagnaflutninga og gervihnattafjarskipti til Unisource NV.
2. Unisource-Telefónica viðskiptin voru upphaflega tilkynnt framkvæmdastjórninni samkvæmt samrunareglugerðinni (reglugerð ráðsins nr. 4064/89). Með úrskurði frá 6. nóvember 1995 komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að viðskiptin fælu ekki í sér myndun samfylkingar fyrirtækja. Í kjölfar þessa úrskurðar fóru samningsaðilar fram á að upphaflegu tilkynningunni yrði breytt í umsókn um að mótmælum yrði ekki hreyft og tilkynningu um undanþágu frá 85. gr. EB-sáttmálans.
3. Unisource NV mun annast rekstur fjarskiptakerfa og fjarskiptaþjónustu í Evrópu. Það mun einnig starfa staðbundið til viðbótar starfsemi móðurfyrirtækjanna heima fyrir og í tilteknum þriðju löndum.
4. Unisource NV er byggt upp sem eignarhaldsfélag dótturfyrirtækja sem eru sérhæfð í mismunandi fjarskiptaþjónustu. Þjónusta sem er í boði eða verður í boði er m.a. kerfisþjónusta við fyrirtæki, IVPN-þjónusta, farsímaþjónusta, kortaþjónusta, flutningsþjónusta, fjarskiptaþjónusta um gervihnetti, upplýsinga- og tækniþjónusta og innlend gagnaflutningaþjónusta.
5. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútö. EB nr. C 94, 30. 3. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 98 19) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.35.830 - Unisource-Telefónica, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate C  
Office 3/81  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjútö. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni  
(Mál nr. IV/35.931 - Metsä-Serla + Myllykoski)****96/EES/15/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. mars 1996 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, um samninga milli Metsä-Serla Oy og Myllykoski Oy um að stofna þrjú fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem einkum munu framleiða dagblaðapappír.

Tvö fyrirtækjanna um sameiginlega verkefnið Myllykoski Paper Oy (Finnlandi) og Albruck GmbH & Co KG (Þýskalandi) eru nú í eigu og starfrækt af Myllykoski en það þriðja MD Papier GmbH (Þýskalandi) er í eigu og starfrækt af Metsä-Serla. Finnsla fyrirtækið um sameiginlega verkefnið mun kaupa þann sögunarvið sem það þarf frá Metsäliitto, sem er móðurfyrirtæki Metsä-Serla. Hvert þessara fyrirtækja um sameiginlega verkefnið mun annast dreifingu í heimalöndunum. Hvað varðar sölu utan heimalandanna munu þau notka dreifikerfi móðurfyrirtækjanna sem umboðsaðilar.

2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi tilkynntan samning á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 94, 30. 3. 1996. Unnt er að senda athugasemdirnar um bréfasíma (+32 2 296 98 06) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/35.931 - Metsä-Serla + Myllykoski, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate E  
Office 2/118  
150, Avenue de Cortenberg  
B-1049 Brussels

**Tilkynning um fyrirtæki um einkaumboðssamning  
(Mál nr. IV/35.832/E-1 Cominco + Anvil)****96/EES/15/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. nóvember 1996 tilkynning, samkvæmt 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, um einkaumboðssamning þar sem Cominco Limited er tilnefnt sem einkaumboð Anvil Range Mining Corporation til að selja blý- og sinkkirni þess í Evrópu.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Cominco Limited: Framleiðsla og sala á blýi og sinkkirni og öðru kirni sem inniheldur kopar, mólýbden, gull og germaníum; framleiðsla og sala á sinki, blýi, gulli, silfri, kopar, járnnikkel, kadmíum, bismút og indíum.
  - Anvil Range Mining Corp.: Framleiðsla og sala á blý- og sinkkirni.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi tilkynntan samning á framfæri við sig.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 99, 2. 4. 1996. Unnt er að senda athugasemdirnar um bréfasíma (32 2 296 98 06) eða pósti, með tilvísun til máls nr. IV/35.832/E-1 Cominco + Anvil, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate E  
Office 2/118  
150, Avenue de Cortenberg  
B-1049 Brussels

### **Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt**

**96/EES/15/04**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir og tilskipanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. september 1995 þar sem því er lýst yfir að samfylking samrýmist sameiginlega markaðinum og framkvæmd EES-samningsins (Mál nr. IV/M.582 - Orkla/Volvo) (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 66, 16. 3. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. febrúar 1996 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á niðurlögðum fiskafurðum sem eru upprunnar í Rússlandi (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 61, 12. 3. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. febrúar 1996 um bann við pentaklórofenóli (PCP) sem Danmörk tilkynnti (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 68, 19. 3. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. febrúar 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/198/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum frá Brasilíu (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 61, 12. 3. 1996).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/11/EB frá 5. mars 1996 um breytingu á tilskipun 90/128/EBE um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 61, 12. 3. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. mars 1996 um breytingu á ákvörðun 93/436/EBE um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Chile (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 74, 22. 3. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. mars 1996 um viðurkenningu á áætlun vegna VHS-veiki fyrir ákveðin landsvæði sem Danmörk lagði fram (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 74, 22. 3. 1996).

### **Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 96/EES/15/05 Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenskan rannsóknar- og þróunarstyrk til DAF Trucks N.V. vegna VOLEM-verkefnisins, ríkisaðstoð nr. N 657/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 74, 14. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breska áætlun um sölu á þremur fyrirtækjum sem framleiða járnbrautarfarartæki á hjólum (ROSCOs) og eru öll dótturfyrirtæki British Rail Board. Fyrirhuguð sala þessara fyrirtækja er í samræmi við endurskipulagningu og einkavæðingu á breskum járnbrautariðnaði. Við einkavæðinguna er farið eftir leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um einkavæðingu og ríkisaðstoð í 23. skýrslu hennar um stefnumótun í samkeppismálum, einkum 403. gr.

Bresk stjórnvöld ætla að veita ríkisábyrgð í tengslum við útboðið og er það liður í sölu þessara þriggja dótturfyrirtækja. Upphæð ábyrgðarinnar fylgir skilyrðunum sem kveðið er á um í söluáætluninni, ríkisaðstoð nr. N 761/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 74, 14. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun sem miðar að því að auka framleiðni og betri nýtingu fyrirtækja með smábátafisk, ríkisaðstoð nr. N 986/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 74, 14. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýskan styrk vegna kvíaeldis í Thüringen, til að hvetja til umhverfisvænna framleiðsluaðferða, auka framleiðslugæði og öryggi og tryggja hagnað, ríkisaðstoð nr. N 1019/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 74, 14. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoðaráætlun vegna byggðaþróunar í Kärnten, ríkisaðstoð nr. N 690/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 74, 14. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun vegna byggðaþróunar í nýju ríkjunum, ríkisaðstoð nr. N 890/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 74, 14. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoðaráætlun vegna byggðaþróunar á svæðum sem eiga rétt á aðstoð, ríkisaðstoð nr. N 919/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 74, 14. 3. 1996).

### **Endurskoðun á hámarksviðmiðun fyrir framleiðsluaðstoð vegna 96/EES/15/06 skipasmíða**

Framkvæmdastjórnin greinir frá að á grundvelli 10. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 95/3094 frá 30. desember 1995 um aðstoð til skipasmíða og samkvæmt 3. mgr. 4. gr. sjöundu tilskipunar ráðsins um aðstoð til skipasmíða (90/684/EBE), Stjtið. EB nr. L 380 frá 31. 12. 1990, hafi hún í samráði við aðildarríkin ákveðið að viðhalda almennu hámarksviðmiðuninni vegna rekstraraðstoðar sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar við 9% frá 1. janúar 1996.

Á sama tíma var ákveðið, í samræmi við 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar, að viðhalda hámarksviðmiðuninni vegna smíði lítilla skipa við 4,5 %, ef sammingsupphæðin er lægri en 10 milljónir ECU, og vegna skipabreytinga.

### **Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingu fyrirtækja 96/EES/15/07 frá 31. fundi hennar 4. september 1995 um drög að ákvörðun í máli IV/M.582 - Orkla/Volvo**

Framkvæmdastjórnin birti álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingu fyrirtækja frá 31. fundi hennar 4. september 1995 á drögum að ákvörðun í máli IV/M.582 - Orkla/Volvo í Stjtið. EB nr. C 76, 16. 3. 1996. Ráðgjafarnefndin um samfylkingu fyrirtækja er sammála framkvæmdastjórninni um að Orkla/Volvo -aðgerðin myndi samfylkingu í skilningi reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

### **Skrá yfir stórar rannsóknarstöðvar sem eru valdar samkvæmt 96/EES/15/08 sérstöku áætluninni um rannsóknir og tækniþróun, þar með taldar tilraunir, á sviði þjálfunar og hreyfanleika rannsóknarmanna (1994-1998)**

Framkvæmdastjórnin birti skrá yfir stórar rannsóknarstöðvar sem eru valdar samkvæmt sérstöku áætluninni um rannsóknir og tækniþróun, þar með taldar tilraunir, á sviði þjálfunar og hreyfanleika rannsóknarmanna (1994-1998) í Stjtið. EB nr. C 75, 15. 3. 1996 (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að tilnefna nýjan fulltrúa í vísindanefndina um matvæli** **96/EES/15/09**

Í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/273/EB frá 6. júlí 1995 um að skipa vísindanefnd um matvæli ákvað framkvæmdastjórnin þann 26. febrúar 1996 að tilnefna nýjan fulltrúa í hana (sjá nánari útlíðun í Stj.É. EB nr. C 74, 14. 3. 1996).

**Rekstur áætlunarflugleiða**

**96/EES/15/10**

**Útboðsauglýsing frá Írlandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Dyflinnar og Sligo**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Írland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Dyflinnar og Sligo. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 3, 6. 1 1996 (sjá nánari útlíðun í Stj.É. EB nr. C 74, 14. 3. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti og gildir pósthimpill sem sönnun fyrir sendingu eða afhent persónulega eigi síðar en 31 degi eftir birtingu í Stj.É. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Department of Transport, Energy and Communication  
Room 412  
Kildare Street  
IRL -Dublin 2

**Rekstur áætlunarflugleiða**

**96/EES/15/11**

**Útboðsauglýsing frá Írlandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Dyflinnar og Donegal**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Írland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Dyflinnar og Donegal. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 3, 6. 1 1996 (sjá nánari útlíðun í Stj.É. EB nr. C 74, 14. 3. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti og gildir pósthimpill sem sönnun fyrir sendingu eða afhent persónulega eigi síðar en 31 degi eftir birtingu í Stj.É. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Department of Transport, Energy and Communication  
Room 412  
Kildare Street  
IRL -Dublin 2

## Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 19. 2. til 8. 3. 1996

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu-fjöldi
COM(96) 62	CB-CO-96-071-EN-C <sup>(1)</sup>	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu	20.2.1996	20.2.1996	7
COM(96) 51	CB-CO-96-063-EN-C	Innri markaðurinn árið 1995 (Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins)	20.2.1996	21.2.1996	91
COM(96) 55	CB-CO-96-064-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun ráðsins 91/439/EBE um ökuskrifeini	20.2.1996	21.2.1996	14
COM(96) 59	CB-CO-96-082-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um stefnumótun Evrópubandalagsins hvað varðar vatn	21.2.1996	26.2.1996	35
COM(96) 67	CB-CO-96-083-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um að taka mið af jafnrétti kynjanna við stefnumótun og í allri starfsemi bandalagsins	26.2.1996	27.2.1996	23
COM(95) 647	CB-CO-96-037-EN-C	Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um endurskoðun á áætlun Evrópubandalagsins um stefnumótun og aðgerðir á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar, „Á leið til sjálfbærrar þróunar“	24.1.1996	29.2.1996	19
COM(96) 54	CB-CO-96-092-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um viðskipti og umhverfismál	28.2.1996	1.3.1996	33
COM(96) 78	CB-CO-96-087-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um kerfi til að hafa eftirlit með smitsjúkdómum í Evrópubandalaginu  Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á kerfi fyrir faraldursfræðilegt eftirlit með smitsjúkdómum í Evrópubandalaginu	7.3.1996	8.3.1996	65

<sup>(1)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.



**Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir****96/EES/15/13**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
96-0034-E	Drög að konungstilskipun um breytingu á grunnbyggingarstaðlinum NBE-CPI/91 „Kröfur um brunavarnir í byggingum“	7.5.1996
96-0036-E	Tækniforskriftir fyrir almenningssíma sem eru hannaðir til tengingar við almenna símstöðvakerfið	7.5.1996
96-0037-DK	Fyrirmæli um orkuflutning, 9. hluti - Háspennubúnaður, þriðja útgáfa	3.5.1996
96-0038-GR	Tæknileg reglugerð um uppsetningu á hnattræna neyðar- og öryggiskerfinu (GMDSS) í grískum kaupskipum	2.5.1996
96-0039-GR	Tæknileg reglugerð um blýlaust bensín RON 98: Forskriftir og prófunaraðferðir	2.5.1996
96-0040-GR	Tæknileg reglugerð um asfaltklæðningu af gerðinni 50/70: Forskriftir og prófunaraðferðir	2.5.1996
96-0041-NL	Reglugerð um lokaprófun á kælibúnaði	7.5.1996
96-0042-D	Kynningareintak frá janúar 1996 varðandi staðalinn DIN 4227-1 A1: 1995-12: Strengjasteypa - Staðlaðar steinsteypueningar með takmarkaðri eða fullri strengjaspennu: Breyting A1	6.5.1996
96-0043-I	Tæknilegir staðlar í tengslum við notkun óvenjulegra ökutækja sem notuð eru til skoðunarferða	6.5.1996
96-0045-I	Reglugerð um merkingu á björgunarbúnaði og fylgihlutum til notkunar í skemmtibátum, þar með taldir skemmtibátar til leigu	10.5.1996
96-0046-A	Breyting á lögum um landsbygðarvegi í Neðra-Austurríki	23.5.1996
96-0047-D	Tæknilegir afhendingarskilmálar fyrir pólýmerbreyttar jarðbiksvökvablöndur sem lagðar eru á kaldar í þunnum lögum (TL PmBE-DSK)	28.5.1996
96-0048-D	Breyting á skrá B í almennu stjórnsýslureglugerðinni varðandi lög frá mars 1992 um vinnuefni við upptöku á nýju útgáfunni ZH 1/604: Reglugerðir um breytingar á járnþrepum og lóðréttum stígum, með öryggisklifurbúnaði, fyrir skorsteina	20.5.1996
96-0049-I	Reglugerð um samþykki á tæknibúnaði fyrir prófun á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum	20.5.1996
96-0050-NL	Reglugerð um undanþágu fyrir áfengislausu drykki sem innihalda mikið koffín	21.5.1996
<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>		

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.